

Fundur í skólaráði Sunnulækjarskóla

49. fundur, haldinn 2. mars 2022, kl. 16:00

Mætt voru: Birgir Edwald skólastjóri, Árdís Flóra Leifsdóttir fulltrúi kennara, Jódís Ásta Gísladóttir form. foreldrafélags fulltrúi grenndarsamfélags, Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda, Helga Júlía Bjarnadóttir fulltrúi nemenda, Birna Eik Benediktsdóttir fulltrúi foreldra, Ólafur Unnarsson fulltrúi foreldra og Hermann Örn Kristjánsson verðandi skólastjóri sem ritaði fundargerð. Anna Jónsdóttir fulltrúi kennara og Kolbrún Björnsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna boðuðu forföll.

1. Nýráðinn skólastjóri Sunnulækjarskóla

Hermann Örn Kristjánsson sem taka mun við starfi skólastjóra Sunnulækjarskóla 1. apríl n.k. boðinn velkominn.

Umræður um nýjar áherslur og væntanlega ráðningu nýs aðstoðarskólastjóra.

2. Skóladagatal Sunnulækjarskóla fyrir skólaárið 2022-2023

Skóladagatal skólaársins 2022-2023 lagt fyrir skólaráð og kynnt.

Farið var yfir kynningarferli við tilurð skóladagatal, kennarafund, skólaráð og fræðslunefnd. Nemendafulltrúar benda á að góðgerðardagar hefðu verið mjög vel heppnaðir. Birna Eik víðraði þá hugmynd að e.t.v. væri hægt að útvíkka verkefnið til fleiri skóla í sveitarfélaginu.

Skólaráð samþykkir fyrirbyggjandi skóladagatal skólaársins 2022-2023.

3. Staðan þegar léttir á Covid-takmörkunum

Fulltrúi foreldrafélags víðrar hugmyndir um aðkomu foreldrafélags að uppákomum, kaupum á vöru og þjónustu fyrir skólann eða nemendur.

Rætt var um hugsanlegt samstarf við félagsmiðstöð og að endurvekja kákófundu með fyrirlesurum. Nemendafulltrúar benda á mikilvægi vinaverkefnissins þar sem eldri nemendur mynda vinatengsl við yngri nemendur og telja það afar skemmtilegt og verðugt verkefni. Rætt var um möguleg árgangakvöld eða bingó.

Mikilvægt er að finna bekkjartengla fyrir sumarið sem geta byrjað strax að hausti. Stjórn foreldrafélagsins mun ræða áfram þær hugmyndir sem komið hafa fram.

4. Önnur mál

- Rætt var um leiðir til að koma málum á dagskrá í skólaráði
- Næsti fundur skólaráðs verður 4. maí 2022 kl. 16:00

Fundi slitið kl. 17:15

HÖK/bed